

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/53/EB EB

2002/EES/31/10

frá 15. nóvember 1994

um breytingu á 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 93/91/EBE um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 78/316/EBE varðandi innri stjórnþunað vélknúinna ökutækja (merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar)(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/81/EBE ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 78/316/EBE frá 21. desember 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi innri stjórnþunað vélknúinna ökutækja (merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar) ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/91/EBE ⁽⁴⁾, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ekki er nauðsynlegt að breyta ökutækjum, sem hafa þegar hlotið gerðarviðurkenningu í samræmi við ákvæði tilskipunar 78/316/EBE, svo að þau uppfylli ákvæði tilskipunar 93/91/EBE.

Hins vegar verður að tryggja slíkt samræmi að því er varðar nýjar gerðir ökutækja sem um gildir að krafist er EB-gerðarviðurkenningar fyrir varðandi merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar eftir 1. október 1995.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun tilskipana að tækniframförum sem komið var á fót með tilskipun 70/156/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Þriðji undirliður 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 93/91/EBE falli brott, svo og orðið „og“ í lok annars undirliðar og í stað komunnar í lok fyrsta undirliðar komi orðið „og“.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. mars 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 15. nóvember 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 299, 22.11.1994, bls. 26, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2001 frá 9. nóvember 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 6, 24.1.2002, bls. 15.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 264, 23. 10. 1993, bls. 49.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 81, 28. 3. 1978, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 284, 19. 11. 1993, bls. 25.